

26. Myndaleikir

Ein mynd getur sagt þúsund orð – og meira til



Málefni	Mismunun, almenn mannréttindi, fjölmiðlar og netið
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	8–13 ára
Tími	30 mínútur
Hópstærð	2–20 börn
Tegund verkefnis	Leikur með myndir
Yfirlit	Út frá ljósmyndum kanna börnin staðalmyndir, mismunandi sjónarmið og hvernig myndir geta gefið bæði réttar og villandi upplýsingar
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að efla vitund um mannréttindi í daglegu lífi • Að þróa „myndlæsi“, hæfileikann til að hlusta og samskiptafærni • Að stuðla að samhygð og virðingu fyrir manneskjunni

Í þessu verkefni er að finna þrjár ólíkar hugmyndir um hvernig vinna má með myndir í tengslum við ýmis mannréttindamál. Notaðu þá sem hentar hópnum best.

26a. Hluti myndarinnar

Yfirlit	Börn draga aðeins ályktanir af hluta myndar, síðan sjá þau heildarmyndina.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Finndu myndir sem segja einfalda sögu, annaðhvort um fátækt eða góð lífsskjör. Festu myndirnar á pappaspjald og klipptu þær í tvennt þannig að hvor hluti fyrir sig gefi aðrar aðstæður til kynna en myndin í heild sinni. • Settu myndhlutana hvorn í sitt umslagið, hvert barn á að fá eina samstæðu.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Myndir • Pappi og lím • Umslög

Leiðbeiningar

1. Láttu börnin vinna tvö og tvö saman. Réttu hverju pari tvö umslög með myndasamstæðu.
2. Útskýrðu verkefnið fyrir þeim:
 - a. Annað barnið opnar umslag og lætur félagan sinn fá þann hluta myndarinnar sem þar er.
 - b. Félaginn lýsir því sem hann heldur að myndin sýni (þ.e. hver sé á henni og hvað sé að gerast).
 - c. Spyrðu félagan þinn hvort myndin tengist mannréttindum.
 - d. Afhentu síðan félagan þínum hinn hlutann og spyrðu hann hvað hann haldi að nú sé að gerast þegar hann sér alla myndina.
 - e. Tengist heildarmyndin mannréttindum?
 - f. Skiptið svo um hlutverk.

Heimild: Byggt á *Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk* (Evrópuráðið, 2002, Námsgagnastofnun, 209), bls. 188.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Var eitthvað sem kom ykkur á óvart í þessu verkefni?
 - b. Hvernig breyttist myndin eftir að þið fenguð seinni hluta hennar í hendur?



- c. Hvaða réttindi eru gefin til kynna á heildarmyndinni?
2. Vektu skilning á verkefninu með því að spyrja spurninga á borð við:
- Detta ykkur aðrar aðstæður í hug þar sem auðvelt er að misskilja hlutina vegna þess að þið sjáið eða heyrið aðeins brot af því sem um er að ræða?
 - Gerist það ekki stundum að fólk trúir bara því sem það sér en gleymir að það er kannski ekki „sagan öll“?

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

Nota má þetta verkefni til að hrista hópinn saman.

Tilbrigði

- Þróaðu verkefnið áfram með því að láta pörin skiptast á myndum og endurtaka ferlið. Verður þetta auðveldara í næsta skipti? Eða reynir þá meira á? Hvers vegna?
- Láttu tvö pör fá sömu myndirnar. Segðu þeim svo að mynda fjögurra manna hóp og bera saman svörin sín.
- Notaðu ljósmyndir úr dagblöðum, veltu hverri mynd fyrir þér og lestu síðan greinina sem hún fylgir.

26b. Myndatextar

Yfirlit	Börnin skrifa texta með einhverri myndaröð og bera síðan saman hve mismunandi hughrifum þau urðu fyrir.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Veldu 8–10 áhugaverðar myndir og gefðu þeim númer • Búðu til vinnublað sem skipt er í jafn margar ræmur og myndirnar eru
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Númeraðar myndir • Vinnublað, pappír og penni fyrir hvert par • Lím, límband og skæri fyrir hvert par

Leiðbeiningar

1. Breiddu úr myndunum á borði. Skiptu börnunum niður í pör og segðu þeim að skrifa texta við hverja mynd. Segðu þeim að vanda sig því að aðrir muni lesa það sem þau skrifa.
2. Þegar allir eru búnir heldur þú uppi einni mynd í einu og biður þátttakendur að lesa textana sína.
3. Festu hverja mynd á pappírsörk eða spjald og segðu börnunum að líma textana sína fyrir neðan myndirnar og búa þannig til veggspjald.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Var erfitt að skrifa textann? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - b. Hvað einkennir góðan myndatexta?
 - c. Ef mynd getur sagt þúsund orð, hvers vegna þarf þá myndatexta?
2. Vektu athygli á fjölbreytileika með því að spyrja spurninga á borð við:
 - a. Túlkuðuð þið myndirnar á mjög mismunandi hátt? Hvers vegna?
 - b. Haldið þið að einhverjir af textunum ykkar hafi ekki sagt rétt frá?
 - c. Hvers vegna er æskilegt að sami hlutur sé túlkaður á mismunandi hátt?



Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Finndu myndir sem eru í senn áhugaverðar og ólíkar, þar sem einnig kann að vera óljóst hvað um er að vera.
- Notaðu mislitan pappír og penna til að veggspjöldin verði flottari.

26c. Talbólur

Yfirlit	Börnin lýsa myndunum og skrifa talbólur fyrir persónurnar á myndinni, síðan bera þau saman bækur sínar.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Ljósritaðu myndir: Tvö eða fleiri pör ættu að fá sömu myndina. Hægt er að nota myndirnar sem tengjast mannréttindamálum í V. kafla • Búðu til vinnublað með þessum spurningum: Hver? Hvað? Hvar? Hvenær? Hvernig?
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Vinnublað, pappír og penni fyrir hvert par • Lím

Leiðbeiningar

1. Láttu börnin vinna tvö og tvö saman. Láttu hvert par fá mynd, vinnublað, pappír, penna og lím.
2. Gefðu börnunum eftirfarandi fyrirsmáli:
 - a. Horfið á myndina og svarið eftirfarandi spurningum um hana á vinnublaðinu: Hver? Hvað? Hvar? Hvenær? Hvernig?
 - b. Límið síðan myndina á vinnublaðið.
 - c. Búið til talbólur fyrir persónurnar á myndinni og skrifið hvað þær eru að segja.
3. Segðu þörunum að festa myndirnar sínar upp á vegg og setja sömu myndirnar hlið við hlið til að hægt sé að bera þær saman. Segðu svo börnunum að skoða allar myndirnar og lesa hvað stendur í talbólunum.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Hversu erfitt var að svara spurningunum um myndirnar? Að skrifa talbólurnar?
 - b. Hvernig voru ykkar lýsingar í samanburði við lýsingar hins parsins?
 - c. Hvaða staðalmyndir fundu þátttakendur á myndunum? Í talbólunum?

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

Auk mynda af fólki skaltu einnig nota dýramyndir. Það getur komið að gagni þegar rætt er um staðalmyndir. Fyrst skaltu benda á hversu oft dýr eru sett fram sem staðalmyndir í teiknimyndum og fá hópinn síðan til að leita að dæmum um slíkt á myndunum og í talbólunum.

